

18. janúar 2017

Þriðji fundur foreldraráðs leikskólans Brimvers/Æskukots skólaárið 2016-2017.

Mættar eru Sigríður Birna Birgisdóttir, Vigdís Sigurðardóttir formaður foreldraráðs, Vigdís Jónsdóttir deildarstjóri Merkisteins, Þóra Ósk Guðjónsdóttir og Sigrún Ína Ásbergisdóttir.

Rætt um aðgengi fatlaðra við Brimver. Einungis hefur eitt bílastæði verið merkt fötluðum en þar sem þörf er á fleiri slíkum stæðum hefur verið brugðið á það ráð að merkja annað stæði fötluðum. Þá er þörf á að leggja hitalagnir í stæðið og afmarka það betur með málningu.

Einnig þarf að gera endurbætur fyrir sorptunnur við Brimver en þær þykja ekki nógu vel festar.

Jólaball leikskólans sem haldið var í BES á Stokkseyri þótti takast með eindæmum vel. Almenn ánægja ríkir með viðburðinn en meðal annars má nefna tímasetningu, veitingar, skemmtiatriði (sem voru í formi lifandi tónlistar og nemenda elsta stigs sem klæddust jólasveinabúningum), hátíðlega stemmningu og gott samstarf á milli leikskólans og barnaskólans.

Þróunarverkefnið „Námsmat á mörkum skólastiga“ er í fullum gangi í skólum Árborgar. Lokaskýrsla verður gerð í vor en sú vinna sem hafin er í leikskólanum mun halda áfram næsta skólaár. Gott skipulag einkennir verkefnavinnuna en þó viðurkennist að tíminn sem gefst til vinnunnar er afar takmarkaður. Starfsmannafundir mættu vera fleiri og hefur það komið skýrt fram að hver einasta mínúta starfsdaga leikskólastarfsmanna er vel nýtt.

Starfsáætlun Brimvers/Æskukots rædd. Starfsfólki hrósað. Rætt um gott samstarf á milli foreldra og starfsmanna.

Skóladagatal 2017-2018 til umræðu.

Rætt um þrif á húsnæði leikskólans eftir ráðningu núverandi ræstitækna. Einungis heyrðust jákvæðar raddir.

Salernin í eldri deildum þykja vera á óhentugum stað eða í anddyri hvorrar deildar. Það gefur börnunum lítið næði. Nú standa yfir endurbætur á húsnæði Brimvers en meðal þess sem verður bætt er salernisaðstaða yngri deildar, undirbúningsaðstaða og kaffistofa starfsfólks. Endurbæturnar ganga vel og mikil ánægja er meðal starfsfólks.

Rætt um skólaþjónustu Árborgar. Sérfræðiþjónusta þykir mjög öflug og aðgengi að henni hefur verið gott.

Rætt um Árborgarmódelið, árangur grunnskólanna í PISA og mikilvægi samvinnu á milli skólastiga.

Skólastarf Brimvers/Æskukots gengur vel. Þann 6. febrúar verður dagur leikskólans haldinn hátíðlegur í 10. skipti og stefnt er á að ganga fylktu liði um nærumhverfi leikskólans